Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um borgun til hreppstjóra fyrir upplestur á auglýsingum og eptirrit af úttektargjörðum.** — 15. febr. 17

Í þóknanlegu brjefi, dags. 5. desember f. á., hafið þjer, herra amtmaður, borið undir úrskurð minn fyrirspurn frá umboðsmanni Munkaþverárklausturs um, hvort hann eigi að greiða hreppstjóranum í Hrafnagilshreppi af umboðstekjunum í fyrsta lagi gjald það, sem ákveðið er í lögum um borgun til hreppstjóra o. s. frv. 13. janúar f. á. 4. gr., fyrir að lesa upp á kirkjufundum auglýsingar um, að tvær umboðsjarðir væru lausar undan ábúð, og í öðru lagi 50 aura gjald fyrir eptirrit af úttektum á tveimur umboðsjörðum. Um hið fyrnefnda gjaldið hafið þjer tekið fram, að hreppstjórinn að yðar ætlun ekki muni vera skyldugur til samkvæmt stöðu sinni að lesa upp við kirkjur slíkar auglýsingar, og að honum því beri það gjald fyrir þetta verk, sem ákveðið er í áður nefndum lögum, en um hið síðar nefnda gjaldið hafið þjer látið þá skoðun yðar í ljósi, að þó að reglugjörð fyrir hreppstjóra 46. gr. b. 10 heimili þeim fyrir eptirrit af úttektum 50. a. fyrir hverja örk, þá sje eigi ákveðið neitt sjerstakt gjald í optnefndum lögum 13. janúar f. á., 8 gr. 1. lið, fyrir að rita úttektargjörð, og virðist því ritun hennar vera partur af sjálfu rjettarverkinu, og hreppstjórinn eigi geta heimtað sjerstakt gjald fyrir ritun úttektarinnar, en hvað sem þessu líði, þá sje kostnaðurinn við úttektir við ábúandaskipti á umboðsjörðum landssjóðinum óviðkomandi.

Um þetta vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að jeg er yður samdóma um, að hreppstjóranum í Hrafnagilshreppi beri borgun sú, sem ákveðin er í lögum um laun hreppstjóra 13. janúar f. á., 4. gr., fyrir að hafa lesið upp við kirkju auglýsingu um, að tvær umboðsjarðir væru lausar undan ábúð, og að hlutaðeigandi umboðsmanni sje heimilt að greiða honum þetta gjald og færa það til útgjalda í umboðsreikningi sínum, en að því er snertir borgun fyrir eptirrit af úttektargjörðum, þá er jeg yður að vísu samdóma um, að hreppstjórum ekki beri neitt sjerstakt gjald fyrir *bókun* úttektargjörðarinnar, en hins vegar verð jeg að álíta, að þeim beri borgun sú, sem ákveðin er í 46. gr. b. 10 í hreppstjórareglugjörðinni fyrir *eptirrit* af slíkum gjörðum, frá þeim sem eptirritsins æskir, enda kemur það alls eigi í bága við lögin um laun hreppstjóra, sem ekki minnast á borgun fyrir eptirrit og ekki verða álitin að hafa gjört neina breytingu á hreppstjórareglugjörðinni í því tilliti. Hafi því hreppstjórinn í Hrafnagilshreppi látið umboðsmanni Munkaþverárklausturs í tje eptirrit af úttektum á umboðsjörðum til afnota í þarfir umboðsins, ber umboðsmanninum að greiða honum hina ákveðnu borgun fyrir þessi eptirrit og færa borgunina til útgjalda í umboðsreikningnum.

Brjef landshöfðingja *til biskupsins yfir Íslandi* **um styrk til prestaekkna.** — 20. febr. 18

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. mán., fellst jeg á, að þeim 2500 kr., sem fyrir árið 1883 eru veittar til prestaekkna og barna í 13. gr. A. b. 5. í fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883, verði skipt milli neðannefndra prestaekkna á þann hátt, að hver þeirra hljóti þá upphæð, sem nú skal greina:

1.	Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri	80 kr.
2.	Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	30 —
3.	Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum	40 —
4.	Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	60 —
5.	Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	40 —
	Flyt	250 kr.

6. dag marzmánaðar 1883.

Reykjavík 1883. Einar Þórðarson.